

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Naustavör 36-42, 44-50 og 52-58 (áður 52-74). Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. febrúar 2017 breytt deiliskipulag fyrir Naustavör 36-42, 44-50 og 52-58 (áður 52-74), sbr. neðangreint:

Naustavör 36-42. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað úr 42 í 44 íbúðir. Heildarbyggingarmagn eykst um 295 m². Hámarkshæð húss hækkar um 0,45 metra og hluti byggingarreitar sem skilgreindur er 3 hæðir og kjallari verður 4 hæðir og kjallari. Aðkoma og fjöldi bílastæða breytist og verða 46 stæði á lóð og 44 stæði í kjallara. Að öðru leyti er vísað í gildandi skilmála og deiliskipulagsuppdrátt með síðari breytingum 14. apríl og í september 2015.

Naustavör 44-50. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað úr 42 í 44 íbúðir. Heildarbyggingarmagn eykst um 295 m². Hámarkshæð húss hækkar um 0,45 metra og hluti byggingarreitar sem skilgreindur er 3 hæðir og kjallari verður 4 hæðir og kjallari. Aðkoma og fjöldi bílastæða breytist og verða 46 stæði á lóð og 44 stæði í kjallara. Að öðru leyti er vísað í gildandi skilmála og deiliskipulagsuppdrátt með síðari breytingum 14. apríl og í september 2015.

Naustavör 52-58. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað úr 42 í 44 íbúðir. Heildarbyggingarmagn eykst um 295 m². Hámarkshæð húss hækkar um 0,45 metra og hluti byggingarreitar sem skilgreindur er 3 hæðir og kjallari verður 4 hæðir og kjallari. Aðkoma og fjöldi bílastæða breytist og verða 46 stæði á lóð og 44 stæði í kjallara. Að öðru leyti er vísað í gildandi skilmála og deiliskipulagsuppdrátt með síðari breytingum 14. apríl og í september 2015.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. apríl 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.